

**Nd.**

## **190. Frumvarp**

til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnæssýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnæssýslu leggur fram til lendingarbótanna.

### **2. gr.**

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 80 þús. kr. lán, er sýslusjóður Árnæssýslu kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að nmsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

### **3. gr.**

Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, mól og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

### **4. gr.**

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum, eftir því er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingar-

bóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnassýslu komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnassýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnassýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og heldur ekki gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Eyrarbakka allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða á Eyrarbakka, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12 gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnassýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi

lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Eyrarbakka renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

**Ákvæði um stundarsakir.**

Til byrjunar á landgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir.